



Fundargerð

**Svæðisráð vestursvæðis - 87. fundur svæðisráðs vestursvæðis haldinn á
fjarfundi,
23. september 2020, kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Ásta Berghildur Ólafsdóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Ásahrepps,
Ingibjörg Eiríksdóttir, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamataka,
Karl Ingólfsson, aðalfulltrúi Samtaka útivistarfélaga,
Sandra Brá Jóhannsdóttir, aðalfulltrúi Skaftárhrepps,
Sveinn Hreiðar Jensson, aðalfulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands,
Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður,
Jóna Björk Jónsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

Árni Pétur Hilmarsson var forfallaður

1. Vestursvæði - Vonarskarð, næstu skref, verkefni svæðisráðs - 1907014

Formaður stjórnar VJP kynnir tímalínu vegna þeirrar vinnu sem framundan er við að leita lausna í deilu um aðgengi að Vonarskarði. Umræður.

Gestir

Auður H. Ingólfssdóttir -

Formaður kynnti tímalínu og minnisblað um mögulega valkosti í aðgengismálum í Vonarskarði. Í framhaldinu var rætt frekar um mögulega valkosti og hugsanlegar útfærslur m.a. hvað þyrfti að rannsaka ef farin væri sú leið að opna tímabundið. Rætt um mögulegan kostnað sem gæti fylgt slíku og hugsanlega framkvæmd. Ákvarðanatöku frestað til næsta fundar svæðisráðs.

Karl Ingólfsson óskar eftir að bóka eftirfarandi:

Minnt er á að stjórnvaldsákvörðunum fylgi í rökstuðningur.

Á þetta er minnt í ljósi stjórnsýslukæru og fyrirspurnar Landsamtaka Hjólreiðamanna til svæðisráðs um hjólreiðabann í Vonarskarði.

Í stjórnsýslulögum segir ma:

12. gr. Meðalhófsreglan.

Stjórnvald skal því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.

V. kafli. Birting ákvörðunar, rökstuðningur o.fl.

20. gr. Birting ákvörðunar og leiðbeiningar.

Eftir að stjórnvald hefur tekið ákvörðun skal hún tilkynnt aðila máls nema það sé augljóslega óþarft. Ákvörðun er bindandi eftir að hún er komin til aðila.

Þegar ákvörðun er tilkynnt skriflega án þess að henni fylgi rökstuðningur skal veita

leiðbeiningar um:

- 1. heimild aðila til þess að fá ákvörðun rökstudda,*
 - 2. kærheimild, þegar hún er fyrir hendi, kærufresti og kærugjöld, svo og hvert beina skuli kæru,*
 - 3. frest til þess að bera ákvörðun undir dómstóla ef slíkur frestur er lögákveðinn.*
- 21. gr. Hvenær veita skal rökstuðning.*
Aðili máls getur krafist þess að stjórnvald rökstyðji ákvörðun sína skriflega hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt.

Ingibjörg Eiríksdóttir fulltrúi náttúruverndarsamtaka óskar eftirfarandi bókunar:

Fjórði möguleikinn varðandi umferð um Vonarskarð mætti vera til skoðunar, þ.e. tímabundin opnun skarðsins fyrir umferð, án samhliða rannsóknar. Ekki er tekin afstaða til hans á þessu stigi, en möguleikinn settur fram til að tímabundin opnun verði ekki út af borðinu ef rannsóknarkostnaður reynist ill- eða óviðráðanlegur.

2. Vestursvæði - styrkir o.fl - 1805021

Lögð fram tillaga að dagskrá skoðunarferðar svæðisráðs um gestastofur og sýningar.
Í ljósi nýrrar covid bylgju er ferðaplönunum frestað enn á ný.

Fundargerð ritaði: Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður.

Fundi slitið kl. 14:15.